

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Gjalddagi fyrri hluta A-gatnagerðargjalda samkvæmt 3. gr. skal vera þegar byggingarleyfi er veitt síðari hluta gjaldsins þegar byggingarframkvæmdir hefjast. Þó er sveitarstjórn heimilt að veita gjaldfrest á fyrri hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast, eða allt að tvo mánuði. Sé gjaldið þá eigi greitt, er heimilt að stöðva framkvæmdir fyrirvaralaust þar til skuldin hefur verið greidd að fullu.

Reglugerð þessi sem samin er af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar í Suður-Múlasýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. maí 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

28. apríl 1989

Nr. 242

AUGLÝSING**um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.**

Aðalnámskrá grunnskóla, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1989–1990 að því leyti sem við verður komið. Jafnframt fellur úr gildi aðalnámskrá frá 27. september 1976 og hlutar hennar, sem tóku gildi síðar.

Menntamálaráðuneytið, 28. apríl 1989.

Svavar Gestsson.

Knútur Hallsson.

3. maí 1989

Nr. 243

GJALDSKRÁ**fyrir heilbrigðiseftirlit á Hafnarfjarðarsvæði.**

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar er sveitarstjórnnum á svæðinu heimilt skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að innheimta gjöld svo sem frá greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 5 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 36.1. í heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 skal innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 000
2. flokkur	kr. 2 000
3. flokkur	kr. 3 000
4. flokkur	kr. 4 000
5. flokkur	kr. 5 000

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulið 2. gr. laga nr. 30/1988 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld, svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 7 500
2. flokkur	kr. 15 000
3. flokkur	kr. 20 000
4. flokkur	kr. 30 000
5. flokkur	kr. 40 000

5. gr.

Fyrir hvert vottorð, sem heilbrigðisfulltrúi lætur í té skal greiða kr. 500.

6. gr.

Heilbrigðisfulltrúi skal fyrir hönd heilbrigðisnefnda á eftirlitssvæðinu semja lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki í hverju sveitarfélagi. Listinn skal afhentur skrifstofu viðkomandi sveitarfélags. Sveitarfélögin sjái um álagningu og innheimtu gjaldanna. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari renna beint til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds samkvæmt 4. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Gjald samkvæmt 4. gr. má innheimta með lögtaki.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits á Hafnarfjarðarsvæði og samþykkt af viðkomandi sveitarfélögum, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi eftirlitsgjalds á árinu 1989 skal vera 1. júní og eindagi 1. ágúst.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. maí 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja eftir umfangi og gerð samkvæmt ákvæðum 2. gr. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. laga nr. 30/1988.

1. flokkur.	2. flokkur.	3. flokkur.	4. flokkur.	5. flokkur.
Bensínstöðvar (án neysluvörusölu). Búsáhalda-verslanir. Byggingavörus- verslanir. Véla- og vara- hlutaverslanir. Blómaverslanir. Leikfangaverslanir.	Fangageymslur. Bensínstöðvar (með neyslu- vörusölu). Smurbrauðstofur. Veitingastofur (< 50 gestir). Félagsheimili (veitingasala). Tómstundamið- stöðvar. Sælgætisverslanir (pýlsur, samlokur o. þ. h.). Ísbúðir. Fiskverslanir. Brauð- og köku- sala. Mötuneyti (< 100 manns). Frystigeymslur. Matsöluvagnar.	Skemmtistaðir. Gistiheimili. Sumarhótel. Skyndibita- staðir. Veitingahús (< 50 gestir). Matvöruverslanir (minni háttar). Brauðgerðarhús. Pissugerðir. Sælgætisgerðir. Fiskeldi. Dvalarheimili/ hjúkrunarheimili. Framleiðsla snyrti- og hreinlætisvara. Sala lækninga- og hjúkrunarvara. Annar sambæri- legur rekstur.	Mötuneyti (> 100 manns). Kjötvinnslur. Neysluvöruiðnaður. Framleiðsla auk- og bætiefna. Framleiðsla á heilsuvöru. Ísgerðir. Sjúkrahús. Veitingahús. Veislueldhús. Matvöruverslanir með minniháttar vinnslu. Tækifærisveitingar (meiri háttar, mót, sýningar o. þ. h.). Vinnuheimili. Annar sambæri- legur rekstur.	Kjörbúðir. Stórmarkaðir. Mjólkurstöðvar. Stór hótél. Meiri háttar neysluvöru- framleiðsla. Annar sambæri- legur rekstur.
Barnaheimili/ leikskólar. Sumarbúðir/ sumardvalarheimili. Ljósastofur. Snyrtistofur/ snyrtivöru- verslanir. Hársnyrtistofur. Sjúkraþjálfun (minni háttar). Lækningastofur. Tannlæknastofur.	Orlofsheimili. Heilsuræktar- stöðvar. Sjúkraþjálfunar- stöðvar. Læknastöðvar. Sundlaugar. Íþróttahús. Heildverslanir með neysluvöru (minni háttar). Heildverslanir með hreinlætis- og snyrtivörur. Neysluvöru- iðnaður, (minni háttar). Leiktækjasalir. Knattborðsstofur. Annar sambæri- legur rekstur.			
Neysluvörusala, (minni háttar). Torgsala. Gistiheimili, (sumargisting). Samkomustaðir, (minni háttar). Veitingar (minni háttar tækifæris- veitingar). Fiskvinnsla (minni háttar og án mötu- neytis). Íþróttavellir. Gufubaðsstofur. Tjaldsvæði. Vörugeymslur. Annar sambæri- legur rekstur.				